

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. janúar 2024
Tilvísun: OS2023110075
Skjalnúmer: 408574

Efni: Matsskyldufyrirspurn vegna 5 MW Botnsvirkjunar í Dýrafirði - umsögn OS

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar, dags 5. október 2023, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um hvort og þá á hvaða forsendum stofnunin telji að áform landeigenda jarðanna Botns og Dranga í Dýrafirði, Ísafjarðarbæ, um allt að 5 MW rennslisvirkjun með mögulegri dægurmiðlun sem nýti hluta rennslis Botnsár og Drangár í Dýrafirði, skuli háð umhverfismati með vísun til 20. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, nr. 111/2021 og 9. gr. reglugerðar, nr. 1381/2021, um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og að teknu tilliti til 2. viðauka í framangreindum lögum. Óskað er eftir því að í umsögn sé lagt mat á hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið Orkustofnunar.

Samkvæmt 4. gr. raforkulaga nr. 65/2003, þarf leyfi Orkustofnunar til að reisa og reka raforkuver. Þá er miðlun vatns háð leyfi stofnunarinnar með vísun til 68. gr. vatnalaga nr. 15/1923. Sömuleiðis er stíflun vatns og veiting þess úr farvegi háð leyfi Orkustofnunar með vísun til 7. gr. laganna. Ef slíkar framkvæmdir eru liður í virkjun fallvatns til raforkuframleiðslu skulu, sbr. 68. gr. vatnalaga, umrædd leyfi talin hluti af virkjunarleyfi samkvæmt raforkulögum og skal þá leita leyfis í samræmi við þau lög.

Orkustofnun óskar þess að koma á framfæri eftirfarandi ábendingum um atriði sem stofnunin telur að mætti gera betur grein fyrir í framlögðum gögnum. Stofnunin tekur fram tilgreindar athugasemdir miða við atriði sem þurfa að liggja fyrir þegar sótt verður um virkjunarleyfi fyrir virkjuninni, ef af verður.

Orkustofnun hefur ítrekað bent á mikilvægi þess að rennslismælingar nái yfir fleiri ár við undirbúning fyrir vatnsorkuver. Með takmörkuðum gögnum skortir t.a.m. upplýsingar um hámarksrennslis og meðalrennslis, og – ekki síður mikilvægt – rennslis í lélegum vatnsárum. Athygli vekur að í tilkynningu er tilgreint að síritar hafi verðið í ánum frá 2017 sem mæli vatnshæð, en framsett gögn ná einungis yfir tímabilið frá júní og september 2020 fram í október 2021. Þá er ekki tilgreint neitt samband milli veðurfars og/eða snjóлага við rennslis. Telur Orkustofnun því allnokkra óvissu ríkja um vatnsgæfni og vinnslugetu fyrirhugaðrar virkjunar, og sömuleiðis hve stóran hluta ársins (og hvenær) farvegur neðan



stíflu verður þurr. Í gögnum framkvæmdaraðila er tilgreint að hliðarlækir renni í farvegi ána neðan inntaksmannvirkja en ekki kemur fram hve langt neðan stíflu það er.

Rennsli í farvegi, jafnvel þótt ófiskgengur sé, getur staðið undir lífríki árinna sem aftur getur stýrt lífvænleika árinna á fiskgengum hluta hennar. Orkustofnun hefur í umsóknarferli fyrir virkjunarleyfi kallað eftir mati á innrennsli í farveg neðan stíflu í því skyni að upplýst verði um lífvænleika vatnalífríkis, einkum á þurrum sumrum.

Eins og framfar er tilgreint kemur fram í gögnum að hugsanlega verði inntakslón með dægurmiðlunargetu. Orkustofnun bendir á að í umsókn um virkjunarleyfi, ef af verður, ber að upplýsa um flatarmál og rúmtak miðlunarlóns í hástöðu og nýtanlegri lágstöðu.

Tilgreint er að botnrás verði nýtt til að losa aurburð. Hugsanlegt er að við slíka lækkun myndist álar í botnset lóns en efni muni hlaðast upp þar utan við. Telur stofnunin að lýsa þurfi betur áætlaðri framkvæmd, þ.m.t. hvert sé áætlað umfang sets, hvort áætlað sé að losa um set utan ála ef þeir myndast og um flutningsgetu árinna á setinu.

Að öðru leyti gerir Orkustofnun ekki athugasemdir við framlögð gögn. Stofnunin tekur fram að hún tekur ekki afstöðu til þess hvort framkvæmdin skuli háð umhverfismati.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar

Kristján Geirsson
Sviðsstjóri
Sjálfbær auðlindanýting
Rafræn undirskrift

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 31. janúar 2024
Tilv. 2023-11-21-1086/2.4.1

Efni: Varðar Botnsvirkjun í Dýrafirði, nr. 0904/2023

Fiskistofa fékk boð þann 22. nóvember 2023 úr Skipulagsgátt frá Skipulagsstofnun um að veita umsögn varðandi hugsanlega matsskyldu áforma um byggingu Botnsvirkjunar í Dýrafirði. Fram kemur í meðfylgjandi gögnum (bls. 25): „...miðað við aðrar ár á Vestfjörðum þá sé þéttleiki laxfiska í ánni frekar lítill og það helgist m.a. af því að talið sé að ekki sé mikið um laxfiska í Dýrafirði. Ekki eru veiðihagsmunir í Botnsá“.

Fiskistofa telur að ekki liggi fyrir nægilega góða upplýsingar um hugsanleg áhrif framkvæmda og reksturs virkjunar á lífríki í Botnsá og Drangá. Það er fullyrt að ekki séu veiðihagsmunir í Botnsá en að laxaseiði hafi fundist á vatnasvæðinu auk bleikju. Það kunna því að vera vannýttir möguleikar fyrir hendi fyrir nýtingu á vatnasvæðinu, en eins og vel er þekkt er laxveiði mjög eftirsótt. Fiskistofa telur að leiða þurfi betur í ljós hvaða áhrif áformuð virkjun kunní að hafa og telur að til álita komi að framkvæmdin þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.

Fiskistofa bendir á að sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eða er háð leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

Virðingarfyllst,
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

Skipulagsstofnun
Bt Þórdísi Stelli Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Dags. 11. janúar 2024
Tilv. 5618-0-0005
Mál 2023-0285

Með erindi dags. 21. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um ákvörðun um matskyldu vegna botnsvirkjunar í Dýrafirði.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Eins og kemur fram er skráð eitt flóð á svæðinu. Fleiri flóð eru skráð örlítið utar. Gera verður ráð fyrir að snjóflóð séu nokkuð algeng á úr norðurhlíðunum en snjóflóð úr hlíðinni hafa ekki verið skráð kerfisbundið. Þar sem ekki er gert ráð fyrir viðveru fólks í stöðvarhúsinu er leyfilegt að reisa það þrátt fyrir snjóflóðahættu. Það gæti þó verið skynsamlegt að haga framkvæmdum þannig að minnka líkur á tjóni ef snjóflóð falla.

Virðingarfyllt,
fh. Veðurstofu Ísland



Hlíf Sævarsdóttir
Sérfræðingur á rekstrarsviði

Skipulagsstofnun

B.t. Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

**Efni: Botnsvirkjun í Dýrafirði – tilkynning um fyrirhugaða rennslisvirkjun.
Mál nr. 904/2023**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Vegagerðarinnar vegna tilkynningar sem unnin var af Botnsorka ehf. um framkvæmd sem kann að vera háð mati á umhverfisáhrifum, skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Vegagerðin skal í umsögn sinni gefa álit á því hvort og á hvaða forsendum framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 2. viðauka framangreindra laga. Sérstaklega er beðið um að Vegagerðin gefi í umsögn sinni mat á því hvort nægilega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði Vegagerðin telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga nr. 111/2021.

„Landeigendur Botns og Dranga áforma byggingu og rekstur allt að 5 MW rennslisvirkjunar með mögulegri dægurmiðlun, sem nýtir hluta rennslis Botnsár og Drangár. Áætlað er að inntaksmannvirki og aðveituskurðir verði staðsett í allt að 450 m h.y.s. í fjarðarbotninum og þaðan liggja niðurgrafin þrýstípi sunnan árinna í landi Dranga um 3,5 km leið að stöðvarhúsi sem staðsett verði í um 20 m h.y.s. Stærð stöðvarhúss er áætluð allt að 150 m². Tenging virkjunarinnar yrði með jarðstreng að munna Dýrafjarðarganga.“

Vegagerðin hefur kynnt sér tilkynninguna og telur, með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar, að nægilega vel sé gerð grein fyrir helstu framkvæmdaþáttum og telur að sú viðbót sem hér sé til umfjöllunar sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif vegna umfangs, eðlis eða staðsetningar skv. 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Stofnunin bendir á að það þarf tengiskúr vegna tengingar á nýjum streng við fyrirliggjandi streng. Staðsetning mannvirkis þarf að vera með t.t. umferðaröryggis.

Virðingarfyllt
f.h. Vegagerðarinnar
Sigurður Friðgeir Friðriksson

Undirskrift

SIGURÐUR FRIÐGEIR

Síða 1/1

Vegagerðin
Suðurhraun 3
210 Garðabær
+354 522 1000
vegagerdin.is

vegagerdin
@vegagerdin.is

Skipulagsstofnun
Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 10. janúar 2024
UST202311-219/R.K.
10.05.00

Efni: Ósk um umsögn - Botnsvirkjun í Dýrafirði

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 21. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdarlýsing

Landeigendur jarðanna Botns og Dranga (Botnsorka ehf.) í botni Dýrafjarðar áforma byggingu og rekstur allt að 5 MW rennslisvirkjunar með mögulegri dægurmiðlun úr ánum Botnsá og Drangá. Báðar eiga þessar ár upptök sín á Glámuhálendinu. Áætlað er að inntaksmannvirki og aðveituskurðir verði staðsett í allt að 450 m h.y.s í dalbotninum og þaðan liggi niðurgrafin þrýstipípa sunnan árinna í landi Dragna um 3,5 km leið að stöðvarhúsi sem staðsett verði í um 20 m h.y.s og er stærð hússins áætlað allt að 150 m². Við hönnun virkjunarinnar er gert ráð fyrir að skipta virkjunarkostinum í efra og neðra þrep. Í efra þrepi er veituskurður í inntaksmannvirki sem er steipt og að mestu niðurgrafið í árgili Botnsár, úr inntaksmannvirki er vatnið leitt í þrýstipípu í efra stöðvarhús. Þaðan er vatn svo leitt í þrýstipípu í neðra þrepið sem er neðra stöðvarhús virkjunarinnar. Stífla þarf farveg Botnsár í u.þ.b. 440 m h.y.s, stíflan myndar lítið inntakslón eða tjörn í farvegi Botnsár og verður um 5 m breið og mun ná 10 m upp eftir farvegi árinna. Aðveituskurður um 380 m langur og 60 cm djúpur kemur til með að veita vatni úr minni lækjum í inntakstjörnina. Umfram vatn sem ekki nýtist til virkjunarinnar mun renna óhindrað yfir steipt yfirfall á stíflu í farvegi Botnsár. Þrýstipípa, 1000 m lengd með 1.100 mm þvermál mun liggja frá inntaki að efra stöðvarhúsi og verður niðurgrafin. Tenging virkjunarinnar yrði með líklega með 11kV jarðstreng að munna Dýrafjarðarganga inná dreifikerfi raforku á Vestfjörðum.

Óbyggð víðerni

Fyrirhugað virkjunarsvæði er staðsett innan Glámuhálendisins. Glámuhálendið er skilgreint sem óbyggt víðerni og Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skal stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins. Samkvæmt náttúruverndarlögum eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð, eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km

fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.

Umhverfisstofnun bendir á að fleiri virkjanir eru innan sama víðernissvæðis s.s Mjólkárviðvirkjun. Mikilvægt er að samlegðaráhrif, fyrirhugaðra og núverandi virkjanna á sama óbyggða víðernissvæði, Glámuhálendinu séu skoðuð ítarlega, en ekki er gerð grein fyrir þeim í umhverfismatskýrslunni.

Fossar

Umhverfisstofnun bendir á að fossarnir á framkvæmdasvæðinu njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis.

Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýna nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í greinargerð kemur fram að framkvæmdin muni raska rennsli um fossa sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask á fossum sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem framkvæmdin geri ráð fyrir röskun á fossum þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig þarf að koma fram, ef endanleg framkvæmd gerir ráð fyrir raski á fossum, hvaða brýna almannahagsmunir réttlæta röskun á þeim.

Svæði á náttúruminjaskrá

Dýrafjörður og leirurnar í botni fjarðarinnar samtals 11.9 km² svæði hafa verið tilnefnd á B-hluta náttúruminjaskrár, ástæða tilnefningarinnar eru fjöruvistgerðir en allstórar kræklingaleirur eru í fjarðarborni og kringum brúarsporðinn að norðanverðu, auk klóþangsklungurs sem er víða vestan við brú. Tryggja verður á framkvæmda og rekstartíma virkjunarinnar að við dægurmiðlun sem um er getið í greinargerð, verði ekki breytingar á ferskvatnrennsli til sjávar, sem komi til með að hafa áhrif á lífríkið í botni Dýrafjarðar. Mikilvægt er að gera frekari grein fyrir til hvaða mótvægisáðgerða á að grípa í því samhengi.

Gróðurfar og votlendi

Ítarleg kortlagning hefur farið fram af gróðri á svæðinu. Umhverfisstofnun fagnar því en áréttar á sama tíma að raski á framkvæmdasvæðinu skal halda í lágmarki eins og hægt er og forðast skuli að raska þeim vistgerðum sem hafa hátt verndargildi.

Umhverfisstofnun leggur áherslu á að fjallað sé um votlendið í tillögunni og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga

og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Einnig þarf að koma fram, ef tillagan gerir ráð fyrir raski á votlendi, hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta röskun á því.

Framkvæmdaleyfi vegna röskunar á votlendi

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna. Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins. Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufrýrbæri sem verða fyrir röskun.

Birkiskógar

Í greinargerð segir náttúrulegir og gamlir birkiskógar eru verndaðir með náttúruverndarlögum. Skilgreiningu á þeim skógum er hins vegar ólokið en búið er að gera tillögur af þeim. Þessi skógur fellur ekki undir þær tillögur (munnleg heimild, Edda Sigurdís Oddsdóttir 11.1.2022).

Umhverfisstofnun telur það óljóst hvort að skógurinn njóti verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga þar sem að ekki er búið að vinna skilgreiningu á þeim. Framkvæmdaaðila er bent á að hafa samráð við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Friðaðar plöntur

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á auglýsingu nr. 1385/2021¹ um friðun æðplantna, mosa og fléttna í 57. gr. náttúruverndarlaga er fjallað um réttaráhrif friðunar. Þar kemur meðal annars fram að öllum er skylt að sýna sérstaka aðgæslu og forðast að raska svæðum þar sem friðað vistkerfi eða friðaða vistgerð er að finna, skaða friðaðar tegundir eða raska búsvæðum þeirra. Markmið friðunarinnar er að vernda og viðhalda fágætum æðplöntum, mosum og fléttum og náttúrulegu gróðurfari og varðveita líffræðilega fjölbreytni í náttúru

¹ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

landsins. Forsendur fyrir friðun, eru hversu sjaldgæfar þær eru, takmörkuð útbreiðsla þeirra, fáir vaxtarstaðir, mikilvægi þeirra fyrir líffræðilega fjölbreytni landsins og staða þeirra á valista íslenskra planta.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það sé skoðað hvort innan framkvæmdarsvæðisins séu friðaðar plöntur og því í samræmi við 8. og 9. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 að sé farið í rannsóknir á svæðinu og friðaðar plöntur kortlagðar, en skv. 8. gr. náttúruverndarlaga skulu ákvarðanir stjórnvalda sem varða náttúruna byggjast, eins og kostur er, á vísindalegri þekkingu á verndarstöðu og stofnstærð tegunda, útbreiðslu og verndarstöðu vistgerða og vistkerfa. Þá skal og tekið mið af því hver áhrif ákvörðunarinnar muni verða á þessa þætti. Í 9. gr. náttúruverndarlaga er tekið fram að ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim. Þá ber að meta áhrif á náttúru svæðis út frá heildarálagi sem á svæðinu er eða það kann að verða fyrir, sbr. 10. gr. laganna.

Í 7. gr. auglýsingarinnar segir að við töku hvers kyns ákvarðana, sem áhrif geta haft á friðaðar tegundir æðplantna, mosa og fléttna, skulu stjórnvöld sýna sérstaka aðgát svo ekki verði gengið gegn markmiðum friðunarinnar, sem nefnd eru hér að ofan. Leita skal umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands, Umhverfisstofnunar og viðkomandi náttúruverndarnefndar áður en tekin er ákvörðun um framkvæmd sem felur í sér röskun friðaðra tegunda æðplantna, mosa og fléttna. Umsögn þessi uppfyllir ekki umsagnarskyldu skv. 7. gr. auglýsingarinnar, sbr. 57. gr. náttúruverndarlaga.

Umhverfisstofnun bendir á að ef friðaðar plöntur eru á svæði sem raska á, er nauðsynlegt að flytja plönturnar á aðra staði, jafnvel þar sem hinar friðuðu tegundir er að finna, byggja þær upp og vernda í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands.

Fuglalíf

Í greinagerð koma fram upplýsingar um að á framkvæmdasvæðinu séu arnaróðöl en skv. 19. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum er óheimilt að fara nær arnarhreiðrum en 500 m á tímabilinu 15. mars til 15. ágúst nema brýna nauðsyn beri til. Í 3. og 4. mgr. sömu laga kemur fram að „Ráðherra getur veitt undanþágu frá banni skv. 1. og 2. mgr. í sérstökum tilvikum, svo sem vegna lagningar þjóðvega eða annarrar mannvirkjagerðar í almannaðágu, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.“

Lög um stjórn vatnamála

Um er að ræða framkvæmdir í vatnshlotinu Botnsá (101-490-R) og vistfræðilegt ástand árinna hefur verið metið mjög gott en eðlisefnafræðilegt ástand er óþekkt. Vistfræðilegt ástand var handflokkað út frá líkindum 29. júní 2023, til að staðfesta ástand er þörf á gögnum (vatnavefsja.is). Umhverfismarkmið allra vatnshlota er að vera í *mjög góðu* vistfræðilegu ástandi. Umhverfismarkmið eru lagalega bindandi og má ástand vatnshlota ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega (sjá [vatnaáætlun](#) og [vatnavefsja vatnamála](#)).

Vistfræðilegt ástand yfirborðsvatnshlota byggir á líffræðilegum, eðlisefnafræðilegum og vatnsformfræðilegum gæðapáttum (sjá vatnaáætlun).

Í umsókn þessari hefur framkvæmdaraðili ekki gert grein fyrir tengingu framkvæmdar við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála en **gera þarf mat á því hvort framkvæmdin sé líkleg til þess að valda því að vatnshlot innan áhrifsvæðisins nái ekki þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau**. Bent er á að vatnsaflsvirkjanir hafa umtalsverð áhrif á vatnshlot öllu jafna, og því ber að huga snemma að því í ferlinu hver áhrifin verða, bæði bein og óbein áhrif. Verði niðurstöður slíks áhrifamats til þess að líklegt sé að umhverfismarkmið náist ekki, getur framkvæmdaraðili sótt um heimild til Umhverfisstofnunar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála um breytingu á vatnshlotunum.

Umhverfisstofnun bendir á að nú þegar hefur framkvæmdaraðili gert ýmsar grunnrannsóknir um vatnafar (Náttúrustofa Vestfjarða, 2021) sem geta nýst til að meta áhrif framkvæmdarinnar á vatnshlotið og hvort það nái umhverfismarkmiðum um mjög gott vistfræðilegt ástand og gott eðlisefnafræðilegt ástand, að auki geta gögnin nýst til að staðfesta ástand.

Umhverfisstofnun bendir einnig á 28. gr. laga um stjórn vatnamála þar sem fram kemur að við afgreiðslu umsókna um leyfi til nýtingar vatns og aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki **skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun**.

Niðurstaða

Framkvæmdin kemur til með að hafa nokkuð og talsvert neikvæð áhrif á gróður og vistgerðir, ásýnd lands, vatnafar og vatnalíf en óveruleg áhrif á jarðmyndanir, fornleifar, landnotkun og ferðamennsku.

Umhverfisstofnun telur að í skýrslunni hefði mátt vera ítarlegri umfjöllun um svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr. laga um náttúruvernd, þ.m.t. áhrif á fossa í Botnsá og birkiskóga og skilgreiningu á þeim. Einnig er það mat stofnunarinnar að geri megi frekari grein fyrir samlegðaráhrifum Botnsvirkjunar og annarra virkjana sem nú þegar eru á Glámuhálendinu á óbyggðu víðerni.

Skýra þarf betur hvaða brýna nauðsyn ríkir fyrir því að raska votlendinu, fossum og tjörnum á svæðinu. Auk þess er framkvæmdarsvæðið innan þekktar arnaróðals sem nýtur sérstakrar verndar skv. 19. gr. laga nr. 64/1994 og þarf framkvæmdaraðili að hafa samráð við Umhverfisstofnun og Náttúrufræðistofnun áður en framkvæmdir hefjast.

Auk þess vantar alla umfjöllun í skýrsluna um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, úr því þarf að bæta líkt og kemur fram í umsögninni.

Umhverfisstofnun telur að þar sem töluverð óvissa er um áhrif framkvæmdarinnar á ákveðna umhverfisþætti að æskilegast væri að framkvæmdin sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllt,

Ríkey Kjartansdóttir
sérfræðingur

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Vegna: Máls nr. 0904/2023, Botnsvirkjun í Dýrafirði (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Orkubú Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við matsskyldu vegna Botnsvirkjunar.

Halldór V Magnússon
Framkvæmdastjóri Veitusviðs

Höfundur: Þórdís Stella Erlingsdóttir/thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is

Sent inn þann: 11.01.2024 , **Fyrir hönd:** Orkubú Vestfjarða

Skipulagsstofnun
B.t. Þordísar Stellu Erlingsdóttur
Borgartúni 7b
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 20. desember 2023
Málsnúmer: 2023-11-0346

Tilvísun: Botnsvirkjun í Dýrafirði, nr. 0904/2023: Tilkynning um framkvæmd (Tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu).


Hafrannsóknastofnun hefur kynnt sér áform um virkjun Botnsár og Drangár í Dýrafirði eins og lýst eru í skýrslu frá verkfræðistofunni VERKÍS sem gefin var út í nóvember 2023 (*Botnsvirkjun í Dýrafirði. Fyrirspurn um matsskyldu. Mat á umhverfisáhrifum*). Umsögn Hafrannsóknastofnunar einskorðast við möguleg áhrif á ferskvatnsvistkerfi og þar af leiðandi lífríki í ám og vötnum. Í skýrslu VERKÍS er vísað til rannsókna sem settar eru fram í skýrslu sem Náttúrustofa Vestfjarða gaf út 2021 og ber titilinn *Fugla, gróður og ferskvatnstrannsóknir í Dýrafirði. Rannsóknir vegna virkjanaáforma í Botnsá og Hvallátradalsá*. Í skýrslu Náttúrustofunnar er gerð grein fyrir rannsókn sem gerð var 20.–22. júlí 2021 og koma þar fram upplýsingar um fisktegundir og metill á þéttleika þeirra. Enn fremur voru tekin sýni af botnlægum hryggleysingjum á tveimur stöðum í Botnsá og gerð grein fyrir magni og helstu hópum botndýra.

Hafrannsóknastofnun telur að fyrirliggjandi upplýsingar um vatnalífríki séu fullnægjandi til að meta áhrif fyrirhugaðrar virkjunar þar að lútandi. Ljóst er að umtalsverð áhrif verða á lífríki árinna, þar sem stór hluti fiskgenga hluta hennar verður fyrir umtalsverðri rennlisskerðingu. Hafrannsóknastofnun vill, að gefnu tilefni, benda framkvæmdaaðila á að leggja þarf mat á áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar á viðkomandi vatnshlot og hvort framkvæmdin hafi áhrif á flokkun þeirra laga um stjórn vatnamála (36/2011). Meta þarf hvort vatnshlotin séu líkleg til að ná góðu líffræðilegu ástandi eftir framkvæmdir líkt og lögin kveða á um.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,



Guðni Guðbergsson, fiskifræðingur



Jón S. Ólafsson, vatnalíffræðingur

Vegna: Máls nr. 0904/2023, Botnsvirkjun í Dýrafirði (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Botnsvirkjun í Dýrafirði tilkynning til ákvöðunar um matskyldu

-
Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða hefur kynnt sér efni matskyldu fyrirspurnar um Virkun í Botnsá í Dýrafirði og er ekki með athugasemdir né ábendingar.

Virðingarfyllst

Anton Helgason
Heilbrigðisfulltrúi

Höfundur: Anton Rúnar Helgason/anton@hevf.is

Sent inn þann: 20.12.2023 , **Fyrir hönd:** Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 19. desember 2023
Málsnúmer: 202311-0037
nn/nn

Efni: Umsögn um matsskyldu Botnsvirkjunar í Dýrafirði.

Vísað er í tölvubréf gegnum skipulagsgátt frá Skipulagsstofnun, dags. 21. nóvember 2023, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um framkvæmd landeigenda Botns og Dranga um byggingu og rekstur allt að 5 MW rennslisvirkjunar í botni Dýrafjarðar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynntri framkvæmd og vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri:

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn til Ísafjarðarbæjar um skipulagslýsingu fyrir breytingar á aðalskipulagi vegna áformaðrar virkjunar þann 21. maí 2021. Vísað er í þá umsögn eins og við á en þar var m.a. mælt með ýmis konar rannsóknum á náttúrufari svæðisins.

Áformin fela í sér byggingu og rekstur á allt að 5 MW rennslisvirkjun með mögulegri dægurmiðlun, sem nýtir hluta rennslis Botnsár og Drangár. Helstu mannvirki eru inntaksmannvirki og aðveituskurðir í allt að 450 m h.y.s., niðurgrafin þrýstipípa og stöðvarhús sem staðsett verður í um 20 m h.y.s. Virkjunin verður tengt jarðstreng að munna Dýrafjarðarganga.

Framkvæmd er lýst vandlega í greinargerð tilkynningar þ.m.t. lýsing á öllum mannvirkjum, annarri innviðagerð og nauðsynlegri efnistöku.

Farið hefur verið í náttúrufræðisathuganir einkum með tilliti til gróðurfars, fuglalífs og ferskvatnslífs. Er það mjög jákvætt og í samræmi við ábendingar Náttúrufræðistofnunar í umsögn sinni um skipulagslýsingu frá maí 2021. Úttekt á gróðurfari hefur leitt af sér nákvæmt vistgerðakort af áhrifasvæði virkjunarinnar og einnig var sérstaklega hugað að útbreiðslu sjaldgæfra tegunda. Válistategundir sem Náttúrufræðistofnun minntist á í fyrrgreindri umsögn fundust ekki. Athuganir á fuglalífi fóru fram á varptíma og náðist ágætis yfirlit yfir varpfugla í Dýrafjarðarbotni en full snemmt var að sumri til að meta notkun fugla á hálendisvötnum. Þá vantar athuganir á fuglalífi á fjörusvæðum utan varptíma. Sást til hafarnar en bent hafði verið á í umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu að hafarnaóðal væri í botni Dýrafjarðar. Með rafveiði og botnsýnatöku úr Botná og Drangá hefur náðst ágætis yfirlitsþekking yfir lífríki ána. Það er mjög mikilvægt því breytingar á rennsli ána eru líklegar til að hafa töluverð áhrif á það lífríki.

Varðandi jarðfræði svæðisins vill Náttúrufræðistofnun benda á að aðgengilegar jarðfræðirannsóknir á svæðinu skortir að mestu. Almenn jarðfræði svæðisins er því lítt þekkt, fyrir utan þær rannsóknir sem gerðar voru í tengslum við Dýrafjarðargöng. Kortlagningu skortir á berggrunni og jarðgrunni Glámusvæðisins. Glámusvæðið hefur áhugaverða jöklunarsögu, m.a. fyrir að vera eitt af þeim svæðum landsins þar sem jökull hefur horfið á síðustu áratugum.



Þekktir steingervingastaðir eru í nágrenni framkvæmdasvæðisins t.d. í Lambadal, vestan við Hvallátradal þar sem fundist hafa surtarbrandslög. Ekki er vitað um aðra fundarstaði steingervinga í botni Dýrafjarðar en vegna skorts á jarðfræðirannsóknnum er ekki hægt að útiloka það. Steingervingar njóta verndar 60. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og því ástæða til að fylgjast vel með hvort þeir finnist t.d. við framkvæmdir og bregðast við eins og við á.

Náttúrufræðistofnun getur tekið undir niðurstöðu umhverfismatsins að flestu leyti. Þó er óvissa um áhrif á jarðmyndanir í ljósi þess að mögulegt sé að steingervingar finnist á svæðinu. Ef svo er og þeir verða fyrir raski teljast það neikvæð áhrif frekar en varanleg.

Ljóst er að áhrif á vatnafar verða umtalsverð og hefur það áhrif á náttúruminjar eins og fossa og ásýnd þeirra sem og ferskvatnslífriki. Afleidd áhrif af því eru líkleg til að vera minna fæðuframboð fyrir fiska sem og fuglalíf, s.s. straumendur sem verpa við Botnsá sem og mögulega fuglalíf í fjörum ef t.d. breytt innflæði ferskvatns á leirur í botni Dýrafjarðar leiða til breytts fæðuframboðs s.s. fækkun á kræklingi sem er algengastur þar sem ferskvatn kemur til sjávar. Mögulegt er að verndargildi leira á svæðinu rýrni við framkvæmdina en Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt leirusvæðin í botni Dýrafjarðar fyrir B-hluta náttúruminjaskrár. Það verður því að segjast óheppilegt ef virkjunin verður þess valdandi að neikvæðar breytingar verði á lífríki leirunnar.

Áhrif á gróðurfar verða neikvæð enda töluvert rask af gerð vegslóða og pípuleiða. Fram kemur að stefnt verði að endurheimt votlendis í norðurhluta fjarðarbotns sem mótvægisáðgerð. Það er mjög jákvætt og mikilvægt að fylgja því eftir með góðri vöktun á t.d. fuglalíf. Aukin endurheimt og verndun annarra votlendissvæða í Dýrafirði og nálægum fjörðum ætti einnig að vera til skoðunar ekki síst til að draga úr áhrifum af skerðingu votlendis á fuglalíf landshlutans.

Áhrif framkvæmdarinnar á fugla eru almennt metin frekar neikvæð og hvað mest á framkvæmdatíma fyrir varpfugla þ.á.m. haförn. Jákvætt er að stefnt verði að samráði við Náttúrufræðistofnun varðandi fyrirkomulag framkvæmdatíma í tengslum við varpsvæði hafarnar. Einnig ætti að horfa til þess að forðast framkvæmdir þegar varp mófugla stendur sem hæst.

Áhrif á ásýnd svæðisins verða allnokkur en mest þegar komið er inn í dalinn. Nokkuð vinsæl gönguleið er milli Dýrafjarðar og Hestfjarðar í Ísafjarðardjúpi og ljóst að upplifunargildi mun rýrna vegna þeirra ásýndarbreytinga sem virkjunin mun valda sem og breytingar á landslagi t.d. vegna minna rennslis í fossum.

Að mati Náttúrufræðistofnunar hefði mátt leggja mat á hvernig virkjunin mun hafa áhrif á óbyggð víðerni en austasti hluti framkvæmdasvæðisins er innan marka slíkra víðerna sem teygja sig upp á Glámuhálandið. Ljóst er að einhver skerðing verður á vesturhluta víðernisins.

Að lokum telur Náttúrufræðistofnun að það vanti umfjöllun um sammögnunaráhrif við aðrar mögulegar virkjanir í nágrenninu og er þar nærtækasta dæmið möguleg virkjun í Hvallátursdalsá sem hefur verið til skoðunar og var m.a. fjallað um í skipulagslýsingu þeirri sem Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um í maí 2021. Þau sammögnunaráhrif skipta máli varðandi flesta þá umhverfispætti sem til umfjöllunar eru í greinargerðinni ekki síst möguleg áhrif af skertu ferskvatnsrennslis á lífríki leirunnar.

Náttúrufræðistofnun telur að nú þegar hafi komið fram góðar upplýsingar um umhverfisáhrif Botnsvirkjunar og því óvíst að umhverfismat myndi bæta miklu við varðandi t.d. mat á áhrif á lífríki. Hins vegar vantar betra mat á áhrif á óbyggð víðerni og mögulega jarðminjar, einkum steingervinga. Þá ætti að skoða betur sammögnunaráhrif við aðra virkjunarkosti. Þótt virkjunin sé ekki stór og feli í sér frekar hófsama mannvirkjagerð er um lítt snortið svæði að ræða sem mun verða fyrir skýrum neikvæðum áhrifum og þar með talið náttúruminjar með hátt verndargildi m.a. votlendi, leirur og fossar sem falla undir ákvæði 61. greinar náttúruverndarlaga nr. 60/2013, varpsvæði hafarnar, straumandar og annarra fuglategunda, ferskvatnslífríki, óbyggð víðerni og landslag og mögulega steingervingar en það þarf að kanna betur.

Virðingarfyllt,

A handwritten signature in black ink, reading "Snorri Sigurðsson". The signature is written in a cursive, flowing style.

Snorri Sigurðsson
Starfsheiti

Vegna: Máls nr. 0904/2023, Botnsvirkjun í Dýrafirði (Tilkynning um framkvæmd)

Athugasemd:

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar telur að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Nefndin bendir á að framkvæmdin kallar á breytingu á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020 sem og nýtt deiliskipulag. Stíflustæði er háð framkvæmdarleyfi og stöðvarhús er hluti af umsókn um byggingarleyfi.

Höfundur: Helga Þuríður Magnúsdóttir/helgathuridur@isafjordur.is

Sent inn þann: 05.12.2023 , **Fyrir hönd:** Ísafjarðarbær